



Samgöngunefnd Alþingis

20. janúar 2010

Efni: Umsögn Landssambands smábátæigenda (LS) um
frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 47/2003
um eftirlit með skipum - 243. mál.

Landssamband smábátæigenda mótmælir harðlega þeirri breytingu á fyrirkomulagi við
útgáfu haffærisskírteina, sem hér er lögð til.

Breytingin leiðir til þess að útgáfa haffærisskírteinis verður ekki lengur skilyrt við
yfirlýsingu tryggingafélags um að skipverjar viðkomandi báts séu að fullu líf- og
slysatryggðir. Eftirlit með þessum mikilvæga þætti verður því skert frá því sem nú er.

Engin dæmi eru um, frá gildistöku þessa lagaákvæðis 2001, að skilyrðum um áhafna-
tryggingu hafi verið ábótavant. Aftur á móti eru mörg dæmi um að lögskráning hafi ekki
verið sem skildi. Til staðreyndar bendi ég á dóma sem fallið hafa um málið, en dæmi þar
um kom fram í erindi Helga Jóhannessonar forstöðumanns stjórnslusviðs Siglinga-
stofnunar Íslands á málþingi um lögskráningu 31. október 2007. Einnig bendir undirrit-
aður á máli sínu til stuðnings á eftirfarandi mál sem tilgreind eru hjá Rannsóknarnefnd
sjóslysa:

Mál nr. 107/06 - Hafrún. Við rannsókn kom fram: „að lögskráningu var ábótavant þar
sem tveir af þremur skráðum skipverjum voru ekki um borð og því tveir skipverjar
óskráðir.“


079/00 - M.b. Sindri GK-42. Við rannsókn kom fram: „að lögskráning skipverja var
ekki í lagi. Skipstjóri sagði aðspurður af lögreglu að enginn væri lögskráður á skipið.
Samkvæmt gögnum lögskráningarstofu voru fjórir menn skráðir þennan dag. Skráður
skipverji ekki um borð en um borð óskráður maður, auk þess sem um borð var maður
sem sagðist ekki vera skipverji, en fengið að fara með þessa ferð, en hann var skráður;“

009/00 - M.b. Fjölur GK-7. Við rannsókn kom fram: „að skipverjar auk skipstjóra
voru sagðir vera þrír. Enginn maður var skráður á skipið samkvæmt gögnum hjá
lögskráningu skipverja né hafði verið skráður frá 10. janúar til 15. janúar;“

LS frábiður sig að vera þvingað inn í umhverfi sem hér er lýst og telur það óumdeilanlegt
að verði frumvarpið að lögum muni það skerða frá því sem nú er öryggi sjómanna á
smábátum um að vera slysa- og líftryggðir.

Af þessum sökum auk þeirra þátta sem tilgreindir eru í umsögn félagsins við frumvarpi um breytingar á lögum um lögskráningu er LS alfarið á móti meginefni þessa frumvarps, það er að lögskráning nái til smábáta.

Virðingarfyllst,

A handwritten signature in black ink, appearing to read 'Örn Pálsson', is written over a horizontal line.

Örn Pálsson framkvæmdastjóri
Landssambands smábátaeigenda